

Góðan dag

Eftirfarandi er umsögn Bláskógabyggðar frá 200. fundi um tillögu til þingsályktunar, samgönguáætlun 2019-2033:

*Beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033. Lagt var fram tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis, ásamt tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033.*

*Byggðaráð Bláskógabyggðar fagnar þeim vegbótum sem gert er ráð fyrir í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033. Auk þeirra verkefna sem tilgreind eru í 5 ára samgönguáætlun er á síðari hluta tímabilsins gert ráð fyrir framkvæmdum í uppsveitum Árnessýslu sem miða að því að bæta umferðaröryggi, svo sem við Geysi og Stóru-Laxá. Breikkun Suðurlandsveggar milli Hveragerðis og Selfoss er einnig brýnt umferðaröryggismál. Byggðaráð telur allar þessar samgöngubætur af hinu góða, en bendir á að æskilegt væri að þær gætu komist til framkvæmda fyrr en áætlað er.*

Kveðja,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri